



Alþingi  
Erindi nr. P 132/533  
komudagur 30.12.2005

## KAÞÓLSKI BISKUPINN Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK.

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

27. desember 2005

Varðandi mál 340 (frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun)) vildi ég kynna eftirfarandi álit sem skoðun rómversk-kaþólsku kirkjunnar:

1. Rómversk-kaþólska kirkjan álitur að „hjónabandið sé sáttmáli sem tengi karl og konu saman í innilegu ævi- og kærleikssamfélagi. Skaparinn stofnaði þennan sáttmála og fékk honum ákveðin lögmal. Hann miðar í eðli sínu að velfarnaði hjónanna sem og að getnaði og uppeldi barna“ („Trúfræðslurit kaþólsku kirkjunnar“ (1997) nr. 1660). Því má ekki leggja samband tveggja einstaklinga af sama kyni að jöfnu við hjónabandið, né heldur veitir sambandið rétt til að ala upp börn. Ættleiðingu barna má aðeins leyfa hjónum (karli og konu) því að börnin þarfnast bæði móður og föður.
2. Uppeldi barna verður að fara fram í stöðugu hjónabandi karls og konu, sem eru feður þeirra og mæður. Ekki má rjúfa einingu foreldranna. Börnin eiga rétt á því að eiga sér föður og móður sem þau þekkja og eru bundin hvort öðru í hjónabandinu (sbr. „Trúfræðslurit kaþólsku kirkjunnar“ nr. 2376). Þess vegna má ekki leyfa konu sem býr með annarri konu að gangast undir tæknifrjóvgun. Hin sambúðarkonan getur ekki komið í stað föðursins sem „foreldri barnsins“.
3. Þar eð velfarnaður einstaklingsins sem og samfélagsins alls er nátengdur velfarnaði – rétt skilins – hjónabands- og kærleikssamfélags (sbr. („Trúfræðslurit kaþólsku kirkjunnar“ nr. 1603) á ríkisvaldið að styðja það og styrkja með lögnum. Ef annars konar sambúðarform eru gerð jafngild sambandi karls og konu í hjónabandi, og þeim fenginn sami réttur, þá grefur það undan réttum skilningi – hins sanna – hjónabands og veikir það. Það stuðlar ekki að heill einstaklingsins og samfélags.

Með virðingu

Jóhannes Gíjzen  
kaþólski biskupinn í Reykjavík